

29. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 10. apríl 2015 kl. 9:40 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson foreldrafulltrúi, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda, þau Haukur Orri Kristjánsson og Aníta Ósk Logadóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt samhljóða.

2. Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar

Unnin hefur verið sjálfsmatsáætlun til næstu þriggja ára. Skólastjóri fór yfir áætlunina og útskýrði þau vinnubrögð sem þar er farið eftir.

3. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nú í mars og var farið yfir niðurstöður þeirrar könnunar á fundinum. Niðurstöðurnar skiptast í 8.-10. bekk annars vegar og 1.-7. bekk hins vegar. Um 70% svarhlutfall var við könnuninni. Sá galli er á framkvæmdinni að þeir foreldrar sem eiga börn á báðum aldursbilum þurfa að svara könnuninni tvisvar og hafði það áhrif á þátttöku foreldra. Farið var yfir niðurstöður fyrir bæði aldursbilum og umræður sköpuðust um einstaka liði.

4. Niðurstöður Olweuskönnunar í nóvember 2014

Farið var yfir niðurstöður eineltiskönnunarinnar sem lögð var fyrir í nóvember á síðasta ári. Samkvæmt þessum niðurstöðum mælist einelti í skólanum meira en undanfarin ár. Farið var yfir helstu niðurstöður og þær ræddar.

5. Skóladagatal næsta árs

Drög að skóladagatali næsta árs voru kynnt.

6. Önnur mál

- opinn foreldrafundur var haldinn fimmtudaginn 9. apríl kl. 20:00 í Tjarnarborg. Um var að ræða frestaðan fund sem vera átti í febrúar. Sigríður Dögg Arnardóttir hélt erindi sem hún nefndi „Kjafast um kynlíf við börn og unglíng“. Milli 60 og 70 manns mættu á fundinn sem var mjög vel heppnaður.
- Gönguleið nemenda í íþróttahúsið á Siglufirði hefur verið til umræðu á fundum ráðsins í vetur. Nú hefur skólinn fjárfest í endurskinsvestum fyrir nemendur að klæðast á gönguleið sinni út í íþróttahús þegar veður er vont eða skyggni slæmt.
- enginn námsráðgjafi hefur verið starfandi við skólann í vetur þar sem ekki tókst að ráða í starfið í fyrrahaust. Námsráðgjöf var keypt frá starfs- og námsráðgjafa í Dalvíkurkóla sem kom 2 sinnum og kynnti nemendum framhaldsskólakerfið og lagði fyrir þá áhugasviðspróf

- búið er að panta nemendaskápa til að setja upp í skólahúsnæðinu við Norðurgötu fyrir nemendur eldri deildar. Skáparnir eru væntanlegir von bráðar og verða þá settir upp
- rætt um mótuneytismál við skólann

Fundi slitið kl. 11:00

Guðrún Unnsteinsdóttir